

Sp. 589. Tillaga til þingsályktunar [193. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að veita ríkisábyrgð á láni til kaupa og stækkunar á Hótel Borg í Reykjavík.

(Lögð fyrir Alþingi á 77. löggjafarþingi, 1958.)

Ríkisstjórninni er heimilt gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, að veita hlutafélagi, sem fyrirhugað er að stofna til að kaupa og reka Hótel Borg í Reykjavík, ríkisábyrgð á láni, allt að 10 millj. króna, til kaupanna og stækkunar á hótelinu.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Fyrir nokkru mun núverandi eigandi að Hótel Borg hafa ákveðið að hætta hótélrekstri og selja hótelið. Mun hafa komið til mála, að húsið yrði selt til annarrar notkunar en hótélrekstrar, ef ekki fengjust kaupendur, sem teldu sér fært að reka þar gistihús.

Er augljóst, eins og gistihúsamálum er nú háttað í höfuðstaðnum, að af slíku mundi leiða hið mesta vandræðaástand. Verður því að telja það þjóðfélagslega nauðsyn, að Hótel Borg verði áfram rekið sem gistihús.

Tveir reyndir menn í hótélrekstri, þeir Pétur Danielsson hótélstjóri og Ragnar Guðlaugsson veitingamaður, hafa nú fyrirætlanir um kaup á hótelinu í því skyni að stækka það nokkuð og reka það áfram sem gistihús, og munu þeir ætla að stofna hlutafélag um það. Þeim mun ókleift að ráðast í þessi kaup og stækkun á hótelinu nema fá til þess lán, sem þeir telja ekki fáanlegt, nema ábyrgð ríkissjóðs komi til.

Ríkisstjórnin vill fyrir sitt leyti greiða fyrir þessu máli og leggur því til, að veitt sé af hálfu ríkisins sú aðstoð, sem felst í þessari þingsályktunartillögu.